

# Minning

## Friðrik H. Jónsson

Sigurður J. Grétarsson

Háskóli Íslands

**F**riðrik H. Jónsson lést í desember 2010. Hann hóf störf við Háskóla Íslands þegar hann kom heim frá námi snemma á níunda áratugnum. Hann starfaði við skólann allan sinn starfsaldur í nær þrjú áratugi. Hann var kennari í sálfræði allan þann tíma, fyrst stundakennari en lengst af fastráðinn. Prófessor var hann síðustu starfs- og æviár sín. Hann var alla tíð einstakur talsmaður sálfræðinnar og vann greininni mikið gagn á margvíslegan hátt. Það er vel við hæfi að minnast hans á þessum vettvangi.

Afstaða Friðriks til sálfræðinnar var heilbrigð. Hann setti greinina aldrei uppá hillu eins og skínandi skartgrip að dást að, minjagrip að dreyma við eða gallagrip að býsnast yfir. Sálfræði hans var ekki drýldin og dularfull eða vanbúin til hagnýtingar. Hún var snjöll framlenging á heilbrigðri og almennri skynsemi, gagnadrifin, opin og augljós fyrir allt fólk sem nennti að læra hana. Hún kom við sögu í kennslu hans, ráðgjöf og rannsóknum og fléttaðist áreynslulaust og eðlilega við skynsemi hans og skapgerð. Sérstakar aðgerðir til að efla orðspor sálfræðinnar eða sjálfsímynd sálfræðinga voru óþarfar að hans mati. Hann var sannfærður um að ágæti greinarinnar sannaði sig í störfum sálfræðinga. Fólk sem kepptist við svo skemmtilegt viðfangsefni hefði sjálfkrafa heilbrigðar hugmyndir um sjálft sig og störf sín.

Ræða hans til nemenda sem voru uggandi um atvinnuhorfur að loknu prófi var eitthvað á þessa leið: Nú eru sjö prósent þjóðarinnar

atvinnulaus, níutíu og þrjú prósent hafa vinnu. Er ekki líklegast að einhver sem getur og kann jafnmikið í sálfræði og þú lendi í stærri hópnum? Gengur ekki allt annað gegn heilbrigðri skynsemi? Ekki þú bíða eftir að aðrir bíði eftir þér. Ekki halda að stjórnvöld auglýsi brátt átján stöður sem passa þér og vinum þínum. Drifðu þig af stað og stattu þig vel. Sálfræði er þannig fag að þú verður fljótt eftirsótt til starfa, jafnvel ómissandi. Engin sjö prósent, takk fyrir.

Þetta voru ekki einhverjar olíubornar ráðgjafalínur, þetta var sannfæring Friðriks. Honum þótti sálfræði skemmtileg og var viss um að hún væri gagnleg. Hann fagnaði sístækkandi árgöngum nýstúdentna í greininni með glaðbeittum lýsingum á lukkunni að mega læra fag sem væri skemmtilegt af sjálfu sér. Það væri ekki hlutskipti nemenda í öðrum greinum en sálfræði.

Þó hann væri viss um að sálfræðin sæi um sig án sérstakra átaksverkefna um ímynd þá lét hann sér annt um orðspor hennar. Hvar sem sálfræði var stillt upp við hlið annarra greina, í samstarfi jafnt sem samkeppni, þar hljóp Friðriki kapp í kinn og hann tryggði með ráðum og dáð að sálfræðin kæmi sterk og sérstök af þeim vettvangi. Honum fannst líka sjálfsagt að kynna greinina ef tækifæri bauðst í fjölmiðlum, á fundum og ráðstefnum; hann hvatti samstarfsmenn sína og nemendur til að vera gjafmildir og glaðbeittir á slíkum vettvangi. Það væri meðal hlutverka okkar að miðla sálfræðilegri þekkingu og þess ekki að vænta að aðrir sæju um það.

Friðrik var röskur og kappsamur í starfi og gat verið hvatskeytislegur í vinnugleði sinni. Hann tuðaði ekki á bak við fólk heldur lét strax vita ef honum mislíkaði og gerði eitthvað í málinu. Sennilega mótaði fortíð hans í knattspyrnumarkinu nokkuð kappsemi hans og jarðbundna einbeintni. Hann gaf lítið fyrir fortíðargrufl og dagdrauma. Hér og nú var vettvangur hans og liðsmanna hans. Það var gott að vera með honum í liði en ekki alltaf þægilegt að lenda á móti. Samstarfsmenn í öðrum greinum, liðum og flokkum kveinkuðu sér stundum aðeins undan kappanum. Hann gat látið finna fyrir sér í hita leiksins.

Þetta mislásu sumir og töldu að þarna færi óbilgjarn harðjagl. En þegar til kastanna kom, þegar raunveruleg samskipti tóku við af bráðahasar og fyrstu sýnar ályktunum þá var Friðrik sérlega hjálpsamur og velviljaður maður. Og allt einhvern veginn alveg sjálfsagt og vandræðalaust. Það var alltaf auðvelt að ná í hann, hann var aldrei of upptekinn til að ræða við fólk, fljótur að setja sig inn í aðstæður, fræði, tækni, fjármál og krísur. Hann var fyrstur til að þekkja fólk með nafni, snöggur að greina leiðir og lausnir og óþreytandi og ósérhlífinn starfsmaður. Hann lagði sig fram – langt umfram ábyrgð, skyldu og viðvikataxta – við að kenna, leiðbeina, aðstoða, breyta og bæta. Mikill fjöldi fólks, nemendur, samstarfsfólk og fleiri, sem af ýmsu tilefni leitaði til hans á honum gott upp að unna.

Hann hafði eitthvert sérstakt lag á að greina aðalatriði í aðstæðum og leggja til raunhæf úrræði. Ekki tuð, hneykslan, eða undirmál heldur raunhæfa línu til úrbóta. Hvort sem hann ræddi við nýstúdentu um nám og námsframvindu, bollalagði við prófessora um rannsóknir og stjórnun eða talaði við rektora og ráðherra um næstu skref, alltaf bjó Friðrik yfir einhverri jarðbundinni skynsemi sem virtist eiga við. Og þetta er ekki einhver fagurgali í minningargrein heldur sálfræðileg staðreynd um farsæla hagnýtingu sálfræðinnar. Hagur fólks vænkaðist við að tala við sálfræðinginn Friðrik H. Jónsson.

Enda var hann eftirsóttur við stjórnun, bæði í sálfræðinni, í stofnunum skólans og víðar. Hann var framsýnn og hafði klárar hugmyndir um hvað væri fyrir bestu og hvert skyldi stefna, bæði í bráð og lengd. Hann las hverja stöðu þannig að við jafningja væri að eiga þannig að skynsamleg stefna hlyti að fá framgang. Hann gaf ekkert fyrir stirða stofnanafestu, tign eða stöðu þeirra sem hann átti samskipti við. Festa hans og framsýni átti ríkan þátt í því að framhaldsnám til starfsréttinda sálfræðinga var tekið upp í Háskóla Íslands.

Hann stjórnaði líka félagsvísindastofnun farsællega í áratug og átti þá frumkvæði að landsfrægum rannsóknaráðstefnum um félagsvísindi. Það var í samræmi við sýn hans á sálfræði. Sálfræði styðst við rannsóknir. Annað er ekki sálfræði. Sú áhersla kom fram í störfum hans. Hann tók þátt í rannsóknum og stuðlaði að þeim með margvíslegum hætti. Hann ritaði tugi rannsóknagreina í erlend og innlend vísindarit, stjórnaði vísindaráðstefnum sem áður er nefnt, ritstýrði mörg þúsund síðum af vísinda- og fræðaeftni og var frumkvöðull í viðhorfarannsóknum og skoðanakönnunum hér á landi. Rannsóknasvið hans tengdist einkum félagssálfræði.

Þar tók hann þátt, ásamt fleiri félagsvísindamönnum, í umfangsmiklum rannsóknum á lífsgildum Evrópumanna; hann stjórnaði stöðlun og staðfæringu á NEO persónuleikaprófinu á Íslandi í samvinnu við erlenda vísindamenn. Sú vinna skilaði honum meðal annars meðhöfundaraðild að grein í Science sem hann vék stundum að með glettnislegu stolti. Hann rannsakaði ímynd stjórnmalamanna á frumlegan hátt sem tekið var eftir, rannsakaði gildi viðhorfamælinga til að spá fyrir um hegðun við hagnýtar aðstæður og kannaði kerfisbundnar skekkjur í ákvarðanatöku á vinnustað. Honum reyndist sérlega létt að vinna með öðrum fræðimönnum, erlendum sem íslenskum, og var óþreytandi að kynna niðurstöður rannsókna sinna. Hann stjórnaði líka og ritstýrði tugum greinargerða um þjónusturannsóknir og efndi þannig til samstarfs við fólk um allt samfélagið.

Þá er ótalið hve uppörvandi og víðsýnn Friðrik var við að leiðbeina stúdentum við rannsóknir. Þá naut sín til fulls sú kennsluspeki hans að það lærist best sem er skemmtilegt. Hann gerði kröfu til allra nemenda sinna að rannsaka eitthvað sem þeim þætti skipta máli, sem þeim þætti vert að rannsaka. Ritgerðir sem hann stjórnaði í grunn- og framhaldsnámi skipta hundruðum, og efnisflokkar ótrúlega margir. Þær máttu vel kosta puð og púl, bara ef þær voru skemmtilegar. Hann var eldsnökkur að setja sig inn í nýjar aðstæður, kynna sér kenningar og fyrri rannsóknir. Hann var hvetjandi og ánægður með rannsóknir og störf nemenda sinna og hafði varanleg áhrif á marga þeirra.

Friðrik H. Jónsson var ánægður með lífið. Gott skap hans og glettni var lykilatriði í árangri hans. Honum lét vel að telja aðra á sitt band og áhrif hans á stöðu sálfræði á Íslandi voru meiri en þau sem vænta má af einum háskólakennara í greininni í nokkur ár. Auk margvíslegra starfa hafði hann áhrif á hundruð nemenda og hugmyndir þeirra um alhliða notagildi sálfræðinnar. Hann varð þeim fyrirmynd um glaðbeitt viðhorf til fagsins, um djörfung í framandi umhverfi og um raunhæfar lausnir í erfiðum aðstæðum. Friðrik var gæfumaður í einkalífi og öllum alltaf ljóst, hvað sem á gekk í vinnunni, að hans uppáhaldsstaður var heima hjá fjölskyldu sinni.

Veikindi Friðriks og fráfall hans á besta aldri voru reiðarslag fyrir samstarfsfólk hans og nemendur. Íslensk sálfræði hefur misst mjög mikilvægan liðsmann. Hann var svo afkastamikill og mikilhæfur að fyrir þeim sem þekktu hann er eins og flokkur manna hafi horfið af vettvangi. Þar er ekki eitt skarð að fylla heldur gína við mörg skörð og vandfyllt. Á móti kemur að við búum lengi að því að hafa þekkt hann, hvert og eitt, sálfræðin öll og Háskólinn. Hann var sérstakur afreksmaður sem íslenskir sálfræðingar minnst með hlýju og þakklæti.

Sigurður J. Grétarsson, Ph.D., er prófessor í sálfræði við sálfræðideild Háskóla Íslands.  
Netfang: sjg@hi.is